



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Fundur haldinn 13. desember 2002 kl. 11.00 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Baldur Guðlaugsson, Jón Sveinsson, Sævar Þór Sigurgeirsson og Guðmundur Ólason.

1. *Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf.*
Þorgeir Örlygsson og Benedikt Árnason mættu á fundinn.

GÓ og BÁ fóru yfir fundi með Samson og S-hópnum. ÓD greindi frá fundi JS og ÓD með Ólafi Ólafssyni, Finni Ingólfssyni og fulltrúa Soc. Gen. þar sem komið var á framfæri beiðni um frest á undirskrift til 13. janúar nk. Ástæður beiðnarinnar voru þær að lengri tíma þyrfti til að ljúka endanlegri kostgænisathugun en endanleg útgáfa hennar væri skilyrði fyrir því að draga erlenda aðila að samningaborðinu. Fram kom að ekki væri hægt að tilkynna um erlendan aðila fyrr en við undirskrift. ÓD og JS höfðu skilið við málið þannig að það yrði formlega tekið fyrir á fundi nefndarinnar.

Rætt um hver væri staða nefndarinnar gagnvart þessari beiðni. Nefndin taldi nauðsynlegt að vita hverjir væru væntanlegir fjárfestar m.t.t. til markmiða ríkisins með sölunni, undirbúnings samnings og gerð áreiðanleikakönnunar. BG taldi mögulegt að fallast á beiðnina, hætta við ferlið m.a. vegna orðalags í HOA eða samþykka að taka erlenda aðiliann út en gera hinum kleift að selja hluta til erlendra fjármálastofnana síðar. Þessar leiðir voru ræddar og töldu nefndarmenn mikilvægt að halda erlendri þátttöku inni til að styrkja hópinn. Ákveðið var að fara aftur yfir þau atriði sem réðu vali á samningsaðila en á sínum tíma hafði hópurinn verið metinn með og án þátttöku erlendrar fjármálastofnunar.

Ákveðið var að ÓD og JS myndu hitta forsvarsmenn fjárfesta og fá frekari skýringar.

Rætt um tilkynningar til Kauphallar ef til kæmi og ákveðið að finna hana í samstarfi við BÍ og fjárfestahópinn.

GÓ 15. desember 2002